

## MINNISBLAÐ

Dags: 15. desember 2023

**Til:** IRN – Hermanns Sæmundssonar, ráðuneytisstjóra**Frá:** HMS**Efni:** Áhrif kaupa Bríetar á íbúðum til að leigja Grindvíkingum

Að beiðni Innviðaráðuneytisins hefur hefur HMS tekið saman upplýsingar um fasteignamarkað á þeim stöðum sem Bríet er að festa kaup á íbúðum til að leigja Grindvíkingum. Íbúðirnar eru í eftirfarandi sveitarfélögum:

Sveitarfélag	Fjöldi íbúða
Akraneskaupstaður	2
Árborg	20
Hveragerði	4
Reykjanesbær	16
Suðurnesjabær	10
Sveitarfélagið Vogar	22
<b>Samtals</b>	<b>74</b>

Samkvæmt húsnæðisgrunni HMS, sem byggir á upplýsingum af söluvef fasteigna, fasteignir.is, var fjöldi eigna í til sölu í þessum sveitarfélögum eftirfarandi í lok nóvember sl.

Sveitarfélag	Fjölbýli	Sérbýli
Akraneskaupstaður	64	57
Árborg	8	47
Hveragerði	83	110
Reykjanesbær	1	31
Suðurnesjabær	14	33
Sveitarfélagið Vogar	47	139
<b>Samtals</b>	<b>217</b>	<b>417</b>

Fjöldi kaupsamninga um íbúðarhúsnæði á mánuði að meðaltali var eftirfarandi síðustu 5 ár:

Sveitarfélag	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Akraneskaupstaður	21	20	29	33	20	22
Árborg	9	10	11	16	10	7
Hveragerði	58	60	63	87	65	46
Reykjanesbær	7	6	8	10	9	8
Suðurnesjabær	35	38	39	54	46	32
Sveitarfélagið Vogar	3	3	4	3	4	5
<b>Samtals</b>	<b>133</b>	<b>137</b>	<b>154</b>	<b>203</b>	<b>154</b>	<b>120</b>



Kaup Bríetar ná því til rúmlega tíunda hlut þeirra íbúða sem voru til sölu í þessum sveitarfélögum í lok nóvember. Þau eru jafnframt um helmingar meðalviðskiptum í mánuði síðustu ár.

Framangreindar tölur gefa ekki tilefni til að ætla að kaupin hafi mikil áhrif á jafnvægi á fasteignamarkaði en þrátt fyrir það er áfram mikilvægt auka jafnframt framboð nýrra íbúða á nýju ári umfram það sem nú þegar er í byggingu.

Á vegum innviðaráðherra starfar nú spretthópur vegna stöðunnar í Grindavík. Þar er horft til þess að byggja á völdum svæðum á Reykjanesi einingahús til þess að fjölga íbúðum á svæðinu og bregðast við skorti sem leiðir af atburðunum í Grindavík.

HMS/-2023-12-15/ÞA/HJ